

**Mál nr. 66/2019****M og  
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um hvort meiðsli hafi orðið af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.2.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 28.2.2019, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M hefur í gildi frítímaslysáttryggingu hjá V. Samkvæmt tjonstilkynningu hans til V, dags. 21. mars 2018 mun hann hinn 9. febrúar 2018 hafa verið að stíga út úr bifreið er hann rann til og sneri sig á ökkla. Hann leitaði til lækni 14. sama mánaðar og í sjúkraskrá M vegna þeirrar komu segir að hann hafi verið með verki í hægri ökkla, hann hafi misstigið nokkrum dögum áður og sé bólginn og aumur í fætinum. Röntgenmynd hafi verið tekin af ökklanum, en hann hafi ekki reynst brotinn.

TS rannsókn var gerð af ökklanum 12 mars 2018. Í greinargerð um niðurstöðu rannsóknarinnar segir m.a. svo: „...það er fragmentation á tarsal beinum með verulegu substansance tapi... Þetta útlit á beininum samrýmist vel sequele eftir endurtekna áverka á þessi bein hjá einstaklingi með peripher neuropathiu (Charots's osteoarthrophiu). NIÐURSTAÐA: Veruleg skemmd með fragmentation og substance tapi og í basis á metatarsus II til V. Útlit samrýmist sequele eftir endurtekna áverka á Lisfranc liði hjá einstaklingi sem ekki hefur eðlilegt tilfönninagarskyn í fætinum (Charots's osteoarthrophathiu).“

Einnig liggur fyrir vottorð lækni, dags. 20. ágúst 2018: „Langvarandi sykursýki. Fellur við og snýr ökkla þann 9/2 2018. Röntgen af fæti þann 14/2 sýnir ekki merki um beináverka. Vegna viðvarandi óþæginda nánari skoðun hjá bæklunarlækni og segulómun í framhaldinu sýnir skemmdir í ökklaði sem samrýmist Charcot arthropathiu. Hefur síðan verið til eftirlits og meðferðar á göngudeild fótameina á LSH. Hefur ekki mátt stíga í fótinn æ síðan.“

M hefur krafist bóta úr slysáttryggingunni hjá V vegna meiðsla sem hann kveðst búa við vegna atviksins 9. febrúar 2018. V kveður ekkert benda til samkvæmt lækni-fræilegum gögnum málsins að M hafi orðið fyrir meiðslum við umrætt atvik. Einkenni verði rakin til gamalla áverka, langvarandi ofþyngdar og sykursýki. Hefur V hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt skilmálum slysáttryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar er með orðinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki ástæða til annars en að leggja lýsingu M í tjonstilkynningu hans til V til grundvallar um að hann hafi runnið til og snúið sig á hægri ökkla er hann steig út úr bifreið. Er um að ræða skyndilegan atburð eins og áskilið er í skilmálum. Þá þykir mega telja fullvíst samkvæmt gögnum málsins að hann hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum við atvikið sem geta leitt til bótaskyldu úr vátryggingunni þótt hér sé ekki tekin afstaða til þess hvort eða að hve miklu leyti eldri sjúkdómseinkenni kunni einnig að vera þáttur í þeim einkennum sem getið er í gögnum málsins. M telst því eiga rétt á bótum úr slysáttryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.